Végarði 03.09 2019

Efni : Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps fundaði mánudaginn 2. september sl. Eftirfarandi var bókað og samþykkt varðandi dagskrárlið 2. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, tillaga til þingsályktunar :

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps mótmælir öllum hugmyndum um lögþvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi eins og þær birtast í tillögu að þingsályktun um stefnumótun áætlun í málefni sveitarfélaga og aðgerðaráætlun 2019-2026. Sveitarstjórn hvetur ríkisstjórn og Alþingi að virða lýðræðislegan sjálfsákvörðunarrétt íbúa í eigin málefnum. Sjálfsákvörðunarrétturinn er varinn í stjórnarskrá, sveitarfélagalögum og Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Sveitarstjórn telur líka að þetta sé mjög stuttur fyrirvari á þvingaðri sameiningu. Oddvita falið að koma umsögn sveitarfélagsins á framfæri í Samráðsgátt stjórnvalda.

Virðingarfyllst,

Gunnþórunn Ingólfsdóttir

oddviti Fljótsdalshrepps